



KJARVALSSTAÐIR, þar sem NORDIA 96 verður haldin.

NORDIA 96

FRÍMERKI

Kjarvalsstaðir

NORRÆN FRÍ- MERKJASÝNING

Samnorræn frímerkjasýning verður haldin á Kjarvalsstöðum dagana 25.-27. október nk.

SEGJA má, að heldur hafi verið hljótt um væntalega samnorræna frímerkjasýningu, sem haldin verður á Kjarvalsstöðum dagana 25.-27. október nk., a.m.k. á innlendum vettvangi. Í þessum þætti hefur hennar ekki verið getið fyrr en nú, enda stutt síðan rækileg greinargerð barst um hana.

Fyrsta NORDIU-sýning hér á landi var haldin árið 1984 og tókst að flestu leyti mjög vel, enda var þá áhugi og samtakamáttur íslenskra safnara mjög mikill og meiri en mér virðist hann vera núna. Sá hagnaður, sem féll í skaut frímerkjasamtaka okkar árið 1984, varð til þess, að þau eignuðust eigið húsnæði í Síðumúla 17 hér í Reykjavík. Enda þótt sú ráðstöfun gengi ekki alveg hljóðalaust fyrir sig, held ég megi fullyrða, að nú þyki flestum og vonandi öllum söfnurum, að vel hafi til tekizt. Næsta NORDIU-sýning var svo haldin hér árið 1991 og varð enn lyftistöng fyrir frímerkjasöfnun okkar. Þriðja slík sýning verður svo haldin næsta haust og nú að Kjarvalsstöðum, en ekki í Laug-

ardalshöllinni, svo sem var um hinar sýningar tvær. Eins og margi rekur örugglega minni til, var fyrsta stórsýning hér á landi, ISLANDIA 73, haldin á þessum stað árið 1973 á hundrað ára afmæli íslenskra frímerkja.

Hinar svonefndu NORDIU-sýningar eru komnar í nokkuð fastan farveg og fara árlega milli Norðurlandþjóðanna. Enginn vafi leikur á því, að þessar samnorrænu frímerkjasýningar hafa orðið frímerkjasöfnun á Norðurlöndum til framdráttar. Um leið er þeim eðlilega veitt athygli meðal safnara víða um heim. Miðað við þær Norðurlandþjóðir, sem geta tekið að sér NORDIU-sýningar, kemur sýningarhald í hlut hverrar þeirrar fimmta hvert ár.

Svo má aftur spyrja sem svo: Hafa íslenskir safnara í raun tók á þátttöku í þessum leik fimmta hvert ár? Ég hef hvergi dregið dul á það, að ég tel svo ekki vera, enda þótt hagur af NORDIU-sýningum sé á marga lund ótvíræður. Kemur þar hvort tveggja til, að íslenskir frímerkjasafnara eru að mínum dómi of fáir til að halda uppi svo viðamikilli sýningu jafnoft, jafnvel þótt við njótum mikillar fjárhagsaðstoðar frá Póst- og símamálastjórn okkar og Póstsögusjóði og að auki margs kyns aðstoðar frá „kollegum“ okkar á öðrum Norðurlöndum. Bæði fámenni og svo fjarlægðin gerir þetta sýningarhald mun erfiðara og kostnaðarsamara fyrir okkur en safnara

á hinum Norðurlöndum.

Hvað sem þessum hugleiðingum líður, er það orðin staðreynd, að NORDIA 96 verður haldin á Íslandi að þessu sinni, og þá er sjálfsagt, að íslenskir safnara leggjast fast á árar um að gera sýninguna eins vel úr garði og unnt er. Við eigum líka enn á að skipa liði, sem þekkir vel til vinnubragða frá fyrri sýningum og verður vonandi innan handar, þegar þar að kemur.

Fyrir allöngu sendi undirbúningsnefnd NORDIU 96 frá sér brytling, þar sem sýningin er kynnt. Nefnd þessa skipa Sigurður R. Pétursson formaður, Hálf-dan Helgason, sem er aðalumboðsmaður sýningarinnar, og Sverrir Einarsson ritari. Umboðsmenn hafa þegar verið skipaðir frá öðrum Norðurlöndum, en umboðsmaður Íslands er Þór Þorsteins. Síðar var svo bætt við í nefndina tveimur mönnum, Finni Kolbeinssyni frá Landssambandi ísl. frímerkjasafnara, og Jónasi Skúlasyni frá póststjórninni. Skipa þessir fimm menn sýningarnefnd NORDIU 96.

Samkvæmt nýlegri tilkynningu nefndarinnar hafa þegar verið haldnir margir fundir. Tekið er fram, að nefndin hafi ekki setið iðjulaus, þótt ekki hafi farið hátt um starf hennar fram að þessu. Jafnframt er sú von látin í ljós, að nefndinni verði vel tekið, þegar leita þarf til félaganna við uppsetningu sýningarinnar næsta haust og eins við annað það, sem óhjákvæmilega fylgir

sýningarhaldinu. Undir það tek ég eindregið, enda hlýtur það að vera vilji allra íslenskra frímerkjasafnara, að vel takist til, þegar á hólminn er komið. Hér á engu að skipta, þótt menn hafi í upphafi þótt jafnvel of skammt um liðið frá NORDIU 91.

Fundur var haldinn í FF sumardaginn fyrsta, 25. apríl sl., þar sem Sigurður R. Pétursson kynnti sýninguna fyrir félagsmönnum og sagði jafnframt, hvernig málum væri nú háttað. Því miður var fundurinn ekki vel sóttur, ekki sízt með tilliti til kynningar NORDIU 96. Verður hér á eftir rakið ýmislegt úr því, sem fram kom um sýninguna á nefndum fundi.

Sigurður tók skýrt fram, að reynt verður að halda kostnaði öllum eins mikið niðri og unnt er. Þannig var breytt mest frá sýningarstað fyrst og fremst af því, að Laugardalshöllin reyndist einni milljón krónum dýrari en Kjarvalsstaðir. Er nú þegar búið að skipuleggja sýningarsvæðið þannig, að það verði ekki of stórt um sig, en um leið verður reynt að hafa það bæði notalegt og hlýlegt. Er stefnt að því, að allt rúmist mjög vel á Kjarvalsstöðum. Sýningarflokkar verða með hefðbundnum hætti, og hafa þegar borizt umsóknir um rúmlega 600 ramma erlendis frá, enda kemur sýningaefni eðli málsins samkvæmt mest frá öðrum Norðurlöndum. Vitað er nú um tvö söfn frá Bretlandi, en sýndur þeirra gera það sem félagar í norrænum samtökum. Umsóknarfrestur fyrir íslenska safnara er enn ekki liðinn, en þess er vænt, að þátttaka þeirra verði einnig góð, enda þótt því sé ekki að leynd, að ýmis góð söfn frá liðnum árum eru horfin af vettvangi, þar sem eigendur þeirra eru fallnir frá. Hér er þá þess að vænta, að ekki sízt ungrir safnara komi þar í skörðin Annars er gert ráð fyrir, að rammafjöldi sýningarinnar geti orðið allt að þúsund.

Ekki er gerlegt á þessu stigi að greina frá einstökum söfnum, en þó má geta þess, að bezta íslenska frímerkjasafnið, sem nú er til að flestra dómi, verður á NORDIU 96. Þá verða þarna trúlega hlutar af söfnum bæði frá Þjóðskjalasafni Íslands og Þjóðminjasafni Íslands. Eins er þess að vænta, að póststjórnin verði einnig með hluta af Íslandssafni Hans Hals, sem margir kannast við frá fyrri sýningum.

Af framansögðu má ljóst vera, að hér er í uppsiglingu áhuga-verð NORDIU-sýning, sem verður áreiðanlega að leikslokum öllum til sóma.

Hér í þessum frímerkjaþætti verður reynt að segja nánar frá NORDIU 96, þegar nær dregur sýningunni og línur skýrast betur.

VEIÐIVESTI

PIN-ON REEL MED KLIPPIM
3 STK FYLGJA FRÍTT!

Tilboð vikunnar

Garrison Scott Veiðivesti

30% AFSLÁTTUR

Nú 3.990,-

Áður 5.680,-

Sendum í póstkröfu um land allt.

VEIÐILIST PRO-SHOP

SÍÐUMÚLA 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 588 6500

BIODROGA

Lifrænar

jurtasnyrtivörur

Engin auka ilmefni.

BIODROGA

stólpi

ALHLÍÐA TÖLVUKERFI

HUGBÚNAÐUR FYRIR WINDOWS

Tölvufyrirtækið OZ valdi Stólpa bókhaldskerfið

KERFISÞRÓUN HF.

Fákafeni 11 - Sími 568 8055

Camhood fitusíur fyrir iðnaðareldhús



Camfil betri síur betra loft

rj Verkfæringar
Stangarhyl 1a, 110 Reykjavík,
sími: 5678030 - fax 5678015

Morgunblaðið
- kjarni málsins!

STIGA-sláttuvél

eftirlæti allra garðeigenda

STIGA Collector sláttuvél, 3,75 ha., 4 hæðastillingar. 52 ltr uppsafnari. Einstök heimilislísl. Kr. **34.200** stgr.



STIGA Dino sláttuvél 3,7 ha., 3 hæðastillingar. Góð heimilislísl. Kr. **21.850** stgr.



Allar gerðir af sláttuvélum og sláttuorfum.

STIGA sláttuvélarnar eru þrautreyndar við íslenskar aðstæður. Traust varahluta- og viðgerðapjónusta. Umboð: Vetrarsól hf.

STIGA aksturssláttuvél. Fjöldi fylgihluta fánlegur. Frá kr. **185.250** stgr



Tilboð

TANAKA 2800 vélorf, 0,9 ha. Fyrir heimili og sumarbústaði. Kr. **17.670** stgr.

STIGA SLÆR Í GEGN

VETRARSÓL

Hamraborg 1-3, norðanmegin Kópavogi. 564 18 64